



Alþingi Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 7.11.2014
Tilvísun: 201410-0039

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 30. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 30. mál.

Með frumvarpinu er lagðar til breytingar á 36. gr. laganna, um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða, sem heimili að sjóðirnir fjárfesti í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga til jafns við verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði. Samkvæmt túlkun Fjármálaeftirlitsins hafa verðbréf sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga ekki talist til verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulögðum fjármálamarkaði og þau hafa því verið skilgreind sem önnur óskráð verðbréf og fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í þeim því takmarkast við 3. mgr. 36.gr. laga nr. 129/1997.

Ljóst er að upplýsingaskylda félaga sem skráð eru á markaðstorgi fjármálagerninga er ekki eins rík og þeirra félaga sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði og gera því ríkari kröfur til fjárfesta um upplýsingaröflun og greiningu. Í greinargerð með frumvarpinu segir að þær kröfur sem gerðar eru varðandi rekstur markaðstorgs fjármálagerninga séu að mestu leyti sambærilegar þeim kröfum sem gerðar eru á skipulögðum markaði, þó svo fjármálafyrirtæki eða kauphöll sem rekur markaðstorg fjármálagerninga sé veitt meira svigrúm til mótunar á eigin reglum en á skipulögðum fjármálamarkaði. Er í þessu sambandi vísað til þess að Kauphöll Íslands sem nú rekur eina markaðstorg fjármálagerninga hér á landi, First North Iceland, hafi sett reglur m.a. um upplýsingagjöf fyrirtækja sem leitast við að nálgast þá skyldu sem hvílir á félögum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulögðum markaði. Þrátt fyrir þetta verður að gera þann fyrirvara að ekki er tryggt að aðrir aðilar sem kunna að koma á markaðstorgi fjármálagerninga setji sambærileg skilyrði þar sem lögin gefa rekstaraðilanum nokkuð svigrúm varðandi þær kröfur sem gerðar eru til þeirra aðila sem skrá fjármálagerninga sína á markaðstorginu.

Má í þessu samhengi nefna að félögum á markaðstorgi fjármálagerninga ber ekki líkt og félögum á aðalmarkaði að upplýsa um laun og hlunnindi stjórnenda og birta stjórnháttaryfirlýsingu. Alþýðusambandið leggur í stefnu sinni áherslu á að lífeyrissjóðir séu

ábyrgir hluthafar sem fylgi fjárfestingum sínum eftir og setji sér í því miði hluthafastefnu og skýrar reglur um launagreiðslur til stjórnenda í þeim fyrirtækjum sem þeir fjárfesta í. Margir lífeyrissjóðir hafa þegar mótað sér slíka stefnu. Með auknum fjárfestingum í félögum sem ekki ber að birta framangreindar upplýsingar verða möguleikar til aðhalds með þessum þáttum takmarkaðir.

Breytingin felur í sér verulega auknar heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í bréfum utan skipulagðs verðbréfamarkaðar. Alþýðusambandið leggur í þessu samhengi áherslu á mikilvægi þess að farið sé varlega við veitingu slíkra heimilda og bendir á að eftir hrun hafa heimildir til fjárfestinga í óskráðum bréfum verið auknar úr 10% í 20% af hreinni eign. Þrátt fyrir að fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna hafi fækkað frá bankahruni og áhrif gjaldeyrishaftanna takmarki mjög möguleika þeirra til fjárfestinga, er nauðsynlegt að áfram séu viðhöfð meginsjónarmið laganna um áhættudreifingu og varfæri í fjárfestingum lífeyrissjóðanna. Sé vilji til þess að rýmka heimildir til fjárfestinga í fjármálagerningum utan skipulegs markaðar er rétt að gera það í samhengi við heildarendurskoðun á fjárfestingarkafla lífeyrissjóðalaganna að undangenginni ýtarlegri skoðun og mati á áhrifum og mögulegri áhættu.

Alþýðusambandið hvetur því til þess að farið verði að tillögum úttektarnefndar Landssamtaka lífeyrissjóða og lokið verði vinnu við heildarendurskoðun á fjárfestingarkafla lífeyrissjóðalaganna.

F.h. Alþýðusambands Íslands



Henný Hinz
hagfræðingur

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis við Austurvöll
150 Reykjavík

11. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða)

Með vísan til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis kemur Bankasýsla ríkisins hér með á framfæri umsögn um 30. mál, þ.e. frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Eins og fram kemur í frumvarpinu var nokkuð sambærilegt frumvarp lagt fram haustið 2013 en ekki var mælt fyrir því vegna anna efnahags- og viðskiptanefndar. Meginmarkmið frumvarpsins er að breyta fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða, sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997, á þann veg að rýmkaðar verði heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í verðbréfum á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) þannig að heimilt verði að fjárfesta í slíkum verðbréfum í sama mæli og í verðbréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Bankasýsla ríkisins telur frumvarpið að meginstefnu til bóta og færir tvær meginröksemdir fyrir þeirri afstöðu. Í fyrsta lagi teljast lífeyrissjóðir til fagfjárfesta í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, en það eru þeir viðskiptavinir sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir, sbr. 9. tölulið 1. mgr. 2. gr. laganna. Í öðru lagi verður að telja æskilegt að fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða endurspegli þá fjárfestingarkosti sem í boði eru hverju sinni. Í þessu samhengi verður ekki fram hjá því litið að fjármagnshöft undanfarinna ára hafa þrengt nokkuð þá kosti sem lífeyrissjóðum standa til boða í þessum efnunum.

Þrátt fyrir framangreinda afstöðu telur Bankasýsla ríkisins rétt að vekja máls á hugsanlegum vanköntum sem kynnu að felast í því að útvíkka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða með þeim hætti sem lagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Í fyrsta lagi er ljóst að fjármagnshöftum er ekki ætlað að standa um aldur og ævi heldur aðeins tímabundið. Í öðru lagi er munur á þeim reglum sem gilda um skipulega verðbréfamarkaði og markaðstorg fjármálagerninga, til dæmis varðandi lýsingar (e. prospectus), en ríkari kröfur eru gerðar í þeim efnunum á skipulegum verðbréfamörkuðum. Í þessu samhengi er vert að geta þess að ekki er útilokað að Nasdaq OMX breyti síðar meir reglum sínum um First North markaðstorgið á þann veg að dregið verði að

einhverju marki úr kröfum til félaga á umræddum markaði. Í þriðja lagi má loks nefna að ekkert er því til fyrirstöðu að annar aðili en Nasdaq OMX taki til við að reka nýtt markaðstorg fjármálagerninga. Ekki er sjálfgefið að sá aðili gengi jafn langt og Nasdaq OMX hefur gert við að krefjast þess að þátttakendur á markaðnum gangi lengra en lágmarkskröfur samkvæmt lögum segja til um.

Virðingarfyllst,



Jon G. Jónsson, forstjóri



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 5. nóvember 2014
Tilvísun FLE 17-2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 30 mál.

Með tölvupósti dags. 23. október s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar sem tóku málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin vill koma eftirfarandi á framfæri:

Almennar ábendingar:

Álitsnefndin vill koma því á framfæri að hún telur að boðaðar breytingar í frumvarpinu á auknum fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða sé til bóta og að auknar fjárfestingar á markaðstorgi fjármálagerninga séu framfaraskref í átt að skilvirkari og fjölbreyttari verðbréfamarkaði hér á landi.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

31. október 2014
Tilvísun: 2014100043

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 30. mál

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar til Fjármálaeftirlitsins hinn 23. október sl. þar sem óskað var eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins vegna frumvarps um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða) (30. mál).

Athugasemdir Fjármálaeftirlitsins eru sem hér segir:

Frumvarpið gerir ekki greinarmun á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga á skipulegum verðbréfamarkaði í skilningi 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um kauphallir nr. 110/2007 og markaðstorgi fjármálagerna í skilningi 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Fjármálaeftirlitið bendir á að með umræddri breytingu færu heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga á MTF úr 20% af hreinni eign lífeyrissjóðs í 100% af hreinni eign lífeyrissjóðs. Með hliðsjón af framangreindu bendir Fjármálaeftirlitið á að fyrri hugmyndir, sem hafa ekki hlotið brautargengi, hafa jafnað til þess að lífeyrissjóðum væri veitt heimild til að telja allt að 5% af eignum á MTF sem skráð bréf. Núverandi tillaga gengur mun lengra.

Þá bendir Fjármálaeftirlitið á að starfandi er nefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem vinnur að því að endurskoða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Með hliðsjón af framangreindu telur Fjármálaeftirlitið ekki eðlilegt að jafna MTF við skipulegan verðbréfamarkað. Það er ljóst að mun vægari kröfur eru gerðar til útgefanda með bréf á MTF. Sem dæmi þá nær gildissvið VI. – X. kafla laga um verðbréfavíðskipti ekki til útgefanda sem eru með fjármálagerna í viðskiptum á MTF.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þá vekur Fjármálaeftirlitið athygli á því að frumvarpið virðist miðast sérstaklega við núverandi reglur First North markaðarins sem rekinn er af Kauphöllinni.

Fjármálaeftirlitið bendir á að öðrum fjármálafyrirtækjum er heimilt að starfrækja MTF og gætu þau MTF miðast við eins opnar reglur og íslensk lög leyfa. Þá bendir Fjármálaeftirlitið ennfreður á að ekkert kemur í veg fyrir að slakað verði á reglum First North síðar meir.

Að lokum vekur Fjármálaeftirlitið athygli á því að frumvarpið miðar eingöngu að því að heimila fjárfestingar á MTF sem starfrækt eru með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið telur leika vafa á því að umrætt ákvæði standist EES-samninginn þar sem þjónustufrelsið á m.a. að tryggja að það á að vera hægt með jafn hagkvæmum forsendum að eiga viðskipti á MTF í öðrum EES ríkjum.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Gunnar Þór Ásgeirsson

31.10.2014

Efnahags- og viðskiptanefnd.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögnum um frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). Umsagnir þurfa að berast eigi síðar en 13. nóvember á netfangið nefndasvid@althingi.is. Þingskjalið má finna á <http://www.althingi.is/altext/144/s/0030.html>.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgum fjármálagerninga til jafns við verðbréf sem hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Eins og rakið er í greinargerð með frumvarpinu eru þeir verndarhagsmunir sem búa að baki 2. mgr. 36. gr. lífeyrissjóðanna að stærstum hluta tryggðir með því regluverki sem gildir um markaðstorg fjármálagerninga sem rekið er á grundvelli starfsleyfis frá Fjármálaeftirlitinu.

Frumtak er samlagssjóður í eigu Nýsköpunarsjóðs, sex lífeyrissjóða og bankanna þriggja. Sjóðurinn fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og er vænleg til vaxtar og útrásar. Sjóðurinn er tímasettur, þ.e. að starfstími hans er sjö ár. Eitt helsta vandamál sjóða eins og Frumtaks er að finna kaupendur að fjárfestingu sjóðsins á Íslandi. Ef ofangreind breyting á lögum um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða verður að veruleika, þannig að kaup á hlutabréfum á markaðstorgi fjármálagerninga teljist skráð verðbréfakaup lífeyrissjóða, þá mun það styrkja verulega starfsumhverfi sjóðsins og gera honum betur kleift að rækja hlutverk sitt á þeim tíma sem honum er ætlaður. Það er líklegt að velta verði meiri á hlutabréfum minni fyrirtækja og þannig verði sjóðum líkt og Frumtaki gert auðveldara að halda áfram starfsemi sinni með stofnun fleiri sjóða sem hafi að markmiði að styðja við nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi Íslendinga. Þess vegna er full ástæða til að mæla með ofangreindum breytingum.

Virðingarfyllt,
Dr. Eggert Claessen
Framkvæmdastjóri
Frumtak
Sími 5101850 Farsími: 8970892

www.frumtak.is eggert@frumtak.is



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2014

Efni: Umsögn um frumvarp efnahags- og viðskiptanefndar til breytinga á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða). Þingskjal 30 – 30. mál.

H.F. Verðbréf hf., kt. 581203-2760, vill koma á framfæri athugasemdum í tengslum við ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 (hér eftir nefnd „lífeyrissjóðalögin“) til að skráning verðbréfa á markaðstorg fjármálagerninga verði jafngild skráningu á skipulegan verðbréfamarkað. H.F. Verðbréf skilaði inn umsögn þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi þann 1. apríl sl. (þingskjal 868 – 507. mál), dags. 14. apríl 2014, og fagnar þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu til samræmis við efni umsagnarinnar.

H.F. verðbréf vill engu að síður nota tækifærið og koma að smávægilegri athugasemd við breytt frumvarp. Athugasemdin lýtur að því að styðjast við orðalagið í lögum um verðbréfaviðskiptin nr. 108/2007 (hér eftir nefnd „verðbréfaviðskiptalögin“) til að taka af allan vafa um við hvað er átt. Í frumvarpinu er ítrekað talað um „skipulegan markað“. Í verðbréfaviðskiptalögnum er hins vegar ávallt talað um „skipulegan verðbréfamarkað“.

Þá er í frumvarpinu talað um að „vera í viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF)“. Í verðbréfaviðskiptalögnum er hins vegar notað orðalagið „sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga“.

Með vísan til framangreinds leggur H.F. Verðbréf til breytingar á orðalagi frumvarpsins með eftirfarandi hætti:

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skulu hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: skulu hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með þau á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).*
- b. Í stað orðsins „markaðurinn“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: skipulegur verðbréfamarkaður.*
- c. Á eftir 3. másl. 2. mgr. kemur nýr máslíður, svohljóðandi: Með markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) er átt við markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga nr.*


108/2007, um verðbréfaviðskipti, með síðari breytingum, sem rekið er á grundvelli starfsleyfis frá Fjármálaeftirlitinu.

Þá vill H.F. Verðbréf nefna að það koma fyrirtækinu á óvart að í þeirri greiningu sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið og samanburðinum á skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgi fjármálagerninga er hvergi fjallað um þá minnihlutavernd sem felst í flöggunar- og yfirtökureglum verðbréfaviðskiptalaganna. Að mati H.F. Verðbréfa er mikilvægt að hafa í huga að flöggunar- og yfirtökureglurnar gilda eingöngu á skipulegum verðbréfamörkuðum en ekki á markaðstorgi fjármálagerninga. H.V. Verðbréf ítreka það sem fram kom í fyrri umsögn að fyrirtækið fagnar frumvarpinu og telur það mikilvægt skref í átt til virkari fjármála markaðar hér á landi. Engu að síður vekur það athygli fyrirtækisins að hvergi sé minnst á muninn á skipulegum verðbréfamörkuðum og markaðstorgi fjármálagerninga hvað varðar þessar reglur og veltir fyrir sér hvort það hafi áhrif á greininguna og samanburðinn í greinargerðinni.

Að lokum vill H.F. Verðbréf benda á setningu í greinargerðinni með frumvarpinu sem segir: „Túlkun Fjármálaeftirlitsins hefur verið sú að verðbréf sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga teljist ekki til verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði.“ H.F. Verðbréfum er ekki kunnugt um þessa tilteknu túlkun Fjármálaeftirlitsins en þykir setningin undarleg í ljósi þess að skýrt er greint á milli skipulegra verðbréfamarkaða og markaðstorga fjármálagerninga í verðbréfaviðskiptalögunum og því varla um túlkunaratriði að ræða.

H.F. Verðbréf þakkar fyrir að fá að koma ofangreindum athugasemdum að og vonar að þær verði teknar til skoðunar við frekari meðferð frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
F.h. H.F. Verðbréfa hf.



Andri Guðmundsson,
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. nóvember 2014
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, 30. mál

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 23. október sl. þar sem óskað var umsagnar Kauphallar Íslands hf. („**Nasdaq Iceland**“ eða „**Kauphöllin**“) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 30. mál.

Með frumvarpinu eru settar fram tillögur um breytingu á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða, sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið þá er tillögunni ætlað að færa heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerna („**MTF**“) til jafns við heimildir til fjárfestinga í verðbréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði. Byggir frumvarpið á tillögu Kauphallarinnar sem unnin var í samráði við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Eins og rakið er í frumvarpinu þá byggir tillagan á því sjónarmiði að ekki sé rétt að samsama fjárfestingum lífeyrissjóða í verðbréfum sem verslað er með á MTF mörkuðum við fjárfestingar í óskráðum verðbréfum, eins og gert hefur verið hingað til. Þannig gilda um verðbréf sem verslað er með á MTF mörkuðum skýrar lagareglur sem eiga að tryggja vernd fjárfesta. Það megi því færa rök fyrir að betur fari á því að flokka verðbréf sem verslað er með á MTF mörkuðum með samskonar hætti og verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum.

Þó svo að ákveðnir þættir í lagaumgjörð um verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eigi ekki við með sama hætti á MTF mörkuðum þá ber engu að síður að líta til þess að lagareglur sem gilda hér á landi ganga langt í þá átt og mun lengra en víða annars staðar í Evrópu. Eins og greint er frá í athugasemdum við frumvarpið þá ber þar helst að merkja að ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 um meðferð og birtingu innherjaupplýsinga, bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun gilda án undantekninga fyrir verðbréf sem verslað er með á MTF mörkuðum hér á landi. Hvað þessar lagakröfur varðar er gengið mun lengra hér á landi en víða í Evrópu.

Aðilum sem fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á MTF markaði hér á landi er með þessu tryggður aðgangur að þeim upplýsingum sem skipta máli varðandi mat á þeim fjárfestingarkostum sem í boði eru, hvort sem um er að ræða fjárhagsupplýsingar eða aðrar upplýsingar sem eru líklegar til að hafa áhrif á mat fjárfesta. Einnig felst rík fjárfestavernd í ákvæðum laganna sem leggja bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun og skylda bæði rekstraraðila MTF markaða og Fjármálaeftirlitið til að hafa eftirlit með því að aðilar fari eftir lögum. Full ástæða er til að gera þessum þáttum hátt undir höfði en í þessu felst

grundvallarvernd til handa fjárfestum sem tryggir gagnsæi og opna upplýsingagjöf á MTF mörkuðum umfram þær lágmarkskröfur sem almennt eru gerðar varðandi verðbréf sem verslað er með á MTF mörkuðum í Evrópu.

Að lokum vill Kauphöllin taka undir athugasemdir sem komu fram í viðbótarumsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða, dags. 6. nóvember sl., en þar er athygli vakin á því að rétt sé að gera breytingu á a. lið 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 varðandi fjárfestingarheimildir vörsluaðila séreignasparnaðar, til samræmis við þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu.

Kauphöllin leggur áherslu á mikilvægi þess að breytingarnar nái fram að ganga. Ef af breytingunni verður fá lífeyrissjóðir aðgang að fleiri og fjölbreyttari fjárfestingarkostum innan traustrar lagaumgjarðar og af umræðum við markaðsaðila má telja ljóst að umrædd breyting geti skapað tækifæri fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki til að sækja sér fjármagn með skráningu verðbréfa.

Kauphöllin styður framgang frumvarpsins og er áfram reiðubúin til viðræðna varðandi efni þess.

Virðingarfyllst,



Magnús Kristinn Ásgeirsson,
forstöðumaður lögfræðisviðs,
Nasdaq Iceland

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 6. nóvember 2014

Efni: Viðbótarumsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um 30. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þingskjal 30

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) sendu inn umsögn um framangreint frumvarp, dags. 28. október sl. þar sem almennt var mælt með samþykkt frumvarpsins. Frumvarpið felur í sér tillögu að breytingu á 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og felur í sér tillögu um að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerna til jafns við verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði. Í fyrrgreindri umsögn láðist að benda á að rétt sé að gera sambærilega breytingu á a. lið 1. mgr. 36. gr. laganna sem varðar fjárfestingarheimildir vörsluaðila séreignarsparnaðar. Með umsögn þessari er þeirri ábendingu komið á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Virðingarfyllst

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2014

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um 30. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015, þingskjal 30

Með tölvubréfi, dags. 23. október s.l., barst Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða).


Lífeyrissjóðir, sem og aðrir innlendir stofnanafjárfestar, búa við takmarkanir á nýfjárfestingum erlendis. Við slík skilyrði er mikilvægara en ella að tryggja að reglur um starfsemi stofnanafjárfesta eins og lífeyrissjóða séu með þeim hætti að fjárfestingarstarfsemi þeirra séu ekki settar ónauðsynlegar hömlur. Slíkar hömlur draga úr möguleikum á því að dreifa áhættu, leiða til óskilvirkari fjármálamarkaðar og draga úr möguleikum á nýsköpun, samkeppni og frjálsri verðmyndun.

LL mæla með samþykkt frumvarpsins. Þær breytingar sem gert er ráð fyrir styðja við aukið framboð á fjárfestingarkostum á innlendum markaði fyrir fjármálagerninga. Breytingarnar eru til þess fallnar að efla þennan mikilvæga markað, auðvelda fyrirtækjum að afla fjár til uppbyggingar og rekstrar sem og að afla fjárfestum nýrra fjárfestingartækifæra.

LL vilja jafnframt nota þennan vettvang til að hvetja til þess að brýnni endurskoðun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða verði hraðað sem kostur er með það að markmiði að tryggja sjóðfélögum bestu mögulegu skilyrði til fjárfestinga og stýringar eigna sinna.

Virðingarfyllt

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Reykjavík 12. nóvember 2014

Alþingi við Austurvöll
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 30. mál.

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) fagna því að framangreint frumvarp hafi verið lagt fram á Alþingi. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er því ætlað að rýmka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða, sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánar tiltekið er lagt til að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerna (MTF) til jafns við verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði. Að mati SFF er þörf á því að rýmka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða frá því sem núgildandi lög heimila. Verði frumvarpið að lögum er líklegt að viðskipti með verðbréf muni aukast á markaði. Því telja samtökin mikilvægt að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2014.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 30. mál

Samtök iðnaðarins styðja að frumvarp þetta verði samþykkt á Alþingi. Að mati SI er jákvætt að lífeyrissjóðir hafi fleiri fjárfestingarkosti sem skráðir eru á opinberum markaði sem er undir eftirliti FME. Verði frumvarpið að lögum opnast tækifæri fyrir smá og meðalstór fyrirtæki til að ná sér í aukið fjármagn sem stuðlar að auknum fjárfestingum og hagvexti til lengri tíma sem er grundvöllur þess að sjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in black ink that reads 'Jón Bjarni Gunnarsson'.

Jón Bjarni Gunnarsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



14. nóvember 2014
1410207

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða).

Með tölvupósti dags. 23. október óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 30 mál.


Með frumvarpinu er lagt til að lífeyrissjóðum verði veitt heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (First North Iceland) til jafns við verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði (NASDAQ OMX Iceland).


Í greinargerð með frumvarpinu segir að auknar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgum fjármálagerninga myndu fjölga fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna. Jafnframt segir að vernd fjárfesta sé tryggð með sambærilegum hætti á markaðstorgi fjármálagerninga og á skipulegum verðbréfamarkaði.

Seðlabanki Íslands vill benda á að verði frumvarpið að lögum mun það ekki fjölga fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna heldur gera þeim kleift að fjárfesta í auknum mæli í verðbréfum sem tekin eru til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga (óskráðum verðbréfum). Því ber að halda til haga að á markaðstorgi fjármálagerninga eru alla jafna ekki gerðar eins ríkar kröfur um upplýsingaskil aðila, til dæmis hvað varðar reikningsskil og yfirlýsingar vegna stjórnarháttá, og á skipulegum verðbréfamarkaði. Auk þess er ekki gerð krafa um flöggunarskyldu og þar gilda ekki yfirtökureglur laga um verðbréfaviðskipti. Skilyrði um dreift eignarhald eru jafnframt minni. Þannig er fjárfestavernd minni á markaðstorgi fjármálagerninga en á skipulegum markaði og seljanleikaáhætta meiri.

Seðlabanki Íslands hefur tekið undir sjónarmið þess efnis að rýmka fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna í verðbréfum sem verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga, m.a. þar sem framboð á skráðum verðbréfum í kauphöll er takmarkað, og að fjárfestingarheimildirnar verði í eðlilegu samhengi við aðrar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna. Á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins er starfandi nefnd sem vinnur að endurskoðun fjárfestingarheimilda lífeyrissjóðanna og standa væntingar til þess að hennar vinnu ljúki fljótlega. Seðlabankinn telur rétt að bíða niðurstöðu þeirrar vinnu og í framhaldinu endurskoða ákvæði laga um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Benediktsdóttir
framkvæmdastjóri